

Nd. 73. Frumvarp til laga

um sölu þjóðjarðanna Ólafsvíkur og Ytri-Bugs.

Flm.: Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafsvíkurhreppi þjóðjarðirnar Ólafsvík í Ólafsvíkurhreppi og Ytri-Bug í Fróðárhreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta barst síðasta Alþingi, en þá mun hafa vantað samþykki sýslunefndar fyrir sölunni. Málið var því ekki borið fram. Nú hefur oddviti Ólafsvíkurhrepps óskað þess, að ég flytti frv. þetta á Alþingi. Læt ég fylgja þessi gögn: Bréf oddvita til Alþingis, afrit fundargerða hreppsnefndar og almenns hreppsfundar, skrá yfir eftirgjald þjóðjarðarinnar Ólafsvíkur fimm s. l. ár og símskeyti sýslumanns.

Fylgiskjal I.

ODDVITI ÓLAFSVÍKURHREPPS

Ólafsvík, 23. marz 1942.

Samkvæmt fundarsamþykkt hreppsnefndar Ólafsvíkur í gær, þá leyfi ég mér að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það veiti ríkisstjórninni heimild til þess að selja Ólafsvíkurhreppi þjóðjarðirnar Ólafsvík í Ólafsvíkurhreppi og Ytri-Bug í Fróðárhreppi.

Ástæður fyrir þessari beiðni hreppsnefndarinnar eru þessar:

Kauptúnið Ólafsvík stendur allt á Ólafsvíkurjörð, og eru takmörk Ólafsvíkurhrepps landamerki Ólafsvíkurjarðar.

Lítur hreppsnefndin því þannig á, að brýn nauðsyn sé fyrir kauptúnið að eignast land það, er kauptúnið stendur á og næst því er.

Enn fremur hefur það verið miklum erfiðleikum bundið að fá útmældar ræktunarlóðir í landi Ólafsvíkur, sérstaklega að fá smálóðir til garðræktar, nema fyrir gjald, sem hreppsþúar telja alveg óaðgengilegt.

Umsjónarmaður ríkissjóðsjarða hefur viljað samræma lóðargjöldin í kauptúnum þeim, sem reist eru á landi ríkissjóðs. En hreppsnefndin lítur svo á, að taka verði tillit til þess, hvort þorpin eru fjölmenn eða fámenn. Er ómögulegt að greiða sömu landleigu fyrir ræktunarlóð í Ólafsvík og greidd er fyrir jafnstóra lóð í Vestmannaeyjum eða Siglufirði.

Telur hreppsnefndin, að það verði hin bezta leið til að fá allt Ólafsvíkurland fullræktað, að hreppurinn eigi landið og geti leigt það með mjög aðgengilegum kjörum.

Á þessu ári stendur til að fá þorpið uppmælt og skipulagt, og þá verði strax hafizt handa um vatnslögn og skólplögn um þorpið.

Telur hreppsnefndin, að hún eigi hægara með að láta gera mikið jarðrask á landi, sem er eign hreppsins, en á landi, er hún á ekki.

Auk þess er það sameiginlegt álit allra hreppsnefndarmanna Ólafsvíkurhrepps, að land allra kauptúna og kaupstaða á landinu eigi að vera í eigu viðkomandi kaupþúns eða kaupstaðar.

En hvað jörðinni Ytri-Bug viðkemur, þá er brýn og aðkallandi nauðsyn fyrir Ólafsvíkurkaupþún að eignast meira beitiland. Skepnueign Ólafsvíkurþúna eykst stöðugt ár frá ári, og ganga kýr Ólafsvíkurþúna nú þegar í algjerri örtröð.

Það vill nú svo vel til, að í Ytri-Bug þarf að byggja alveg á næstunni öll hús jarðarinnar frá grunni, ef bóndi á að geta búið þar áfram. Er ekkert vit í því að ráðast í dýrar byggingar á þeirri jörð, því að Ólafsvíkurkaupþún þarf nauðsynlega að fá jörðina, enda liggur land þeirrar jarðar fast að landi Fossárdals í Fróðárhreppi, sem Ólafsvík keypti fyrir nokkrum árum.

Vænti ég, að hið háa Alþingi veiti ríkisstjórninni umbeðna heimild.

Virðingarfyllst.

Oddvitinn í Ólafsvíkurhreppi.

Jónas Þorvaldsson.

Til Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Útskrift úr gerðabók Ólafsvíkurhrepps.

Ár 1942, sunnudaginn 22. marz, var hreppsnefndarfundur haldinn á heimili oddvita í Ólafsvík.

Allir hreppsnefndarmenn voru mættir.

Þetta gerðist á fundinum:

Samkvæmt fundarsamþykkt almenns hreppsfundar, sem haldinn var í Ólafsvík hinn 24. janúar síðast liðinn, tók hreppsnefndin fyrir málið: Kaup á Ólafsvíkurljörð og Ytri-Bug í Fróðárhreppi.

Í því máli samþykkti hreppsnefndin svo hljóðandi tillögu:

„Hreppsnefndin samþykkir að fela oddvita sínum að senda beiðni til hins háa Alþingis, að það veiti ríkisstjórninni heimild til þess að selja Ólafsvíkurljörð og Ytri-Bug í Fróðárhreppi.“

.....
Jónas Þorvaldsson. Jóhann Kristjánsson. Viglundur Jónsson. Magnús Guðmundsson.
Sig. Jóhannsson.

Rétt afrit staðfestir

Oddvitinn í Ólafsvíkurljörð.
Jónas Þorvaldsson.

Fylgiskjal III.

Útskrift úr gerðabók Ólafsvíkurljörðs.

Ár 1942, laugardaginn 24. janúar, var almennur hreppsfundur haldinn í samkomuhúsi Ólafsvíkur.

Fundinn setti oddviti hreppsnefndarinnar, Jónas Þorvaldsson, og stakk hann upp á Sigurði Jóhannssyni framkvæmdastjóra til að annast fundarstjórn, og var það samþykkt.

.....
Eliníus Jónsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

„Almennur hreppsfundur, haldinn í Ólafsvík 24. jan. 1942, skorar á væntanlega hreppsnefnd Ólafsvíkurljörðs að rannsaka möguleika fyrir því, að jarðirnar Ólafsvík í Ólafsvíkurljörð og Ytri-Bugur í Fróðárhreppi fáiast keyptar af Ólafsvíkurljörð.“

Tillaga þessi var samþykkt í einu hljóði.

.....
Sigurður Jóhannsson, Jónas Þorvaldsson,
fundarstjóri. oddviti.

Rétt afrit staðfestir

Oddvitinn í Ólafsvíkurljörð.
Jónas Þorvaldsson.

Fylgiskjal IV.

Skýrsla um eftirgjald Ólafsvíkurljörðar 1937—1941.

Eftirgjald eftir þjóðljörðina Ólafsvík síðustu 5 ár hefur verið árlega sem hér segir: Landskuld og rekaleiga kr. 303.00.

Lóðargjöld:

1937	kr. 1557.95
1938	— 1557.95
1939	— 1583.00
1940	— 1576.00
1941	— 1680.00

Meðaltal kr. 1590.98.

Lóðir, sem húið er að mæla út og koma til afgangda fyrst á þessu ári, gefa af sér ca. kr. 50.00.

Brimilsvöllum, 21. marz 1942.

Ó. Bjarnason,
umboðsm.

Fylgiskjal V.

Símskeyti frá sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Alþm. Bjarni Bjarnason, Alþingi, Rvík.

Á fundi sýslunefndar 2. maí var samþykkt svo hljóðandi ályktun eftir beiðni hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps veitti sýslunefndin Ólafsvíkurhreppi leyfi til að kaupa eftirtaldar þjóðjarðir Ólafsvík í Ólafsvíkurhreppi og Ytri-Bug í Fróðárhreppi.

Sýslumaður.